



Fundargerð

456. fundur sveitarstjórnar Reykólahrepps, aukafundur.
Þriðjudaginn 8. september 2020, kl. 15.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykóhólum.
Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir (ÁHH), Ingimar Ingimarsson (II), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDBJ), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) og Karl Kristjánsson (KK). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er þjór blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, óskaði eftir öðrum málum á dagskrá og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Oddviti óskaði eftir því að varaoddviti tæki við fundarstjórn. Varaoddviti varð við því.

Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins

1. 455. fundur sveitarstjórnar Reykólahrepps.

Varðandi ráðningasamning skólastjóra. Ráðningasamningur stendur eins og hann var samþykktur í upphafi, þrátt fyrir breytingar á stjórnun leikskóla.

Sveitarstjórn stefnir að íbúafundi í kring um 15. október.

2. Fundur í stjórn Barmahlíðar 31. ágúst 2020.

Formaður stjórnarinnar fór yfir fundargerðina.

Sveitarstjórn harmar það að tilraunaverkefni um samþætta heimaþjónustu skyldi ekki ná fram að ganga, líkt og kemur fram í svari heilbrigðisráðuneytisins frá 3. júlí 2020.

Þó samþætting heilbrigðis- og félagsþjónustu sé afar jákvætt skref í þjónustu við aldraða, sér í lagi í viðkvæmum byggðum, má vænta þess að inngrip sem þetta í rekstur eins hjúkrunarheimilis sé fordæmisgefandi fyrir önnur sveitarfélög og önnur hjúkrunarheimili. Umsókn Reykólahrepps um tilraunaverkefnið er því hafnað en hvatt til samvinnu við Heilbrigðisstofnun Vesturlands og önnur hjúkrunarheimili á svæðinu.

Fundargerðin staðfest að öðru leiti.

3. Mennta- menningarmálanefnd 7. september 2020.

Farið yfir fundargerðina.

3.1 Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags.

Sveitarstjórn samþykkir umsókn frá Dalabyggð samhljóða.

Sveitarstjórn vill að ljósleiðaratengingu í leikskóla verði hraðað eins og kostur er. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin staðfest að öðru leiti.

Mál til afgreiðslu

1. 2007001 - Fjárhagsáætlun Reykhólahrepps 2021-2024, rammaáætlun.

Lagðar eru fram forsendur fyrir fjárhagsáætlun 2021, rammaáætlun 2021. Sveitarstjórn samþykkir rammann og vísar fjárhagsáætlun til frekari vinnslu hjá stofnunum sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

2. 2009004 - Uppsögn hjúkrunarforstjóra Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Barmahlíðar.

Lagt er fram uppsagnarbréf Hendrikku J. Alfreðsdóttur á starfi hjúkrunarforstjóra við Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð. Sveitarstjórn þakkar Hendrikku störf hennar í þágu sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að auglýsa starfið. Samþykkt samhljóða.

3. 2205017- Þórisstaðir landnr.205851, samningur með breytingum.

Lagður er fram samningur þar sem 9. grein hefur verið breytt.

Samningurinn samþykktur með 3 atkvæðum. II og KK sátu hjá.

4. 2009005 - Frumkvæðisathugun á samstarfssamningum sveitarfélaga.

Lagt er fram erindi frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu dagsett 24. ágúst 2020. Gera þarf endubætur á samstarfssamningum á milli Reykhólahrepps og nágrannasveitarfélaga.

5. 2009006 - Kötluland lóð 2, 220776. Nýting forkaupsréttar.

EDBJ vék af fundi.

Sveitarstjórn vill ekki nýta forkaupsrétt á Kötlulandi lóð 2. Samþykkt samhljóða.

EDBJ kom aftur inná fund.

6. 2009007 - Stytting vinnuvikunnar.

Sveitarstjórn hvetur stjórnendur til þess að klára útfærslu á styttingu vinnuvikunnar. Samþykkt samhljóða.

7. 2009009 - Covid - Réttir

ÁHH fór yfir þau atriði sem þarf að huga að í tengslum við réttir.

Fjallskilanefnd falið að koma upplýsingum á vef sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

1. 2009008 - Um hlutverk og tilgang ungmennaráða sveitarfélaga - hvatning.

Lagt fram og kynnt.

2. 2004018 - Umhverfissvottun Vestfjarða, framkvæmdaráætlun undirrituð stefna 2020

Lagt fram og kynnt.

3. 2008026 - Fundargerðir Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda.

Fundargerðir lagðar fram og kynntar.

4. 2005027 - 886. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerðin lögð fram og kynnt.

Önnur mál (ef einhver):

1. 2009010 - Aðal- og hluthafafundur í Þörungaklaustri 22. september 2020.

Sveitarstjórn samþykkir að veita IBE umboð til þess að samþykkja hlutafjárukningu á aðal- og hluthafafundi Þörungaklausturs 22. september 2020.

Sveitarstjórn samþykkir að veita II umboð til þess að bjóða sprotafyrirtækjum á sviði þangs og þara í sveitarfélaginu kaup á hlut í félaginu af Reykhólahrepp.

2. Skoðunarferð um framkvæmdir í eldhúsi og sundlaug.

Sveitarstjórn fór í skoðunarferð um nýframkvæmdir, í eldhúsi Reykhólaskóla og í búningsklefum Grettislaugar, sem unnar hafa verið á árinu.

Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju með framkvæmdirnar.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18:50

Næsti fundur sveitarstjórnar verður haldinn fimmtudaginn 8. október 2020.
